

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa
Útdráttur úr útboðslýsingu

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

Stutt kynning á verðbréfasjóðnum

Verðbréfasjóðurinn	<p>Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa, kt. 591200-9090, var stofnaður árið 2001. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.</p> <p>Sjóðurinn hefur eingöngu verið skráður á Íslandi.</p>
Deildarskipting	Sjóðurinn er ekki deildaskiptur.
Rekstrarfélag	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri, fer með rekstur fjárfestinga sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
Áætlaður líftími	Áætlaður líftími sjóðsins mun vera á bilinu 5-7 ár.
Vörslufyrirtæki	Vörslufyrirtæki sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri. Vörslufyrirtækið hefur með höndum verkefni fyrir rekstrarfélagið tengd vörslu og eftirliti samkvæmt 20. gr. laga nr. 30/2003 samkvæmt sérstökum samningi.
Útvistuð verkefni	<p>Með heimild í 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. gert samning við Íslensk verðbréf hf. um að félagið annist eftirfarandi verkefni fyrir hönd rekstrarfélagsins:</p> <ul style="list-style-type: none"> Bókhaldsþjónusta Þjónusta við viðskiptavini Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina Sölu og markaðssetningu Uppgjöri viðskipta Vörslu hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti Regluvörslu
Endurskoðendur	Endurskoðendur sjóðsins eru KPMG Endurskoðun Akureyri hf., Glerárgötu 24, 600 Akureyri.
Fjármálasamstæða	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. sem rekur sjóðinn er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf.

Upplýsingar um fjárfestingar

Markmið	Markmið með útgáfu Áskriftarsjóðs ríkisverðbréfa er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í ríkistrygðum skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu.
Fjárfestingastefna	Sjóðurinn mun leitast við að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum sem eru skráð í Kauphöll Íslands hf. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% (ef við á) af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Styðst heimildin við ákvæði 37. gr. laga nr. 30/2003. Hámarkslíftími einstakra skuldabréfa og víxla sjóðsins spannar líftíma frá 0-40 ár. Sjóðurinn fjárfestir meirihluta eigna sinna í verðtryggðum eignum og leitast við að hafa meðallíftíma heildareigna sjóðsins 5-7 ár. Sjóðurinn bindur fjárfestingar við verðbréf sem gefin eru út af íslenska ríkinu eða með ríkisábyrgð íslenska ríkisins og takmarkar þannig fjárfestingar sínar við Ísland. Sjóðurinn setur ekki skilyrði um að útgefendur fjármálagerna sem sjóðurinn fjárfestir í hafi lánshæfismat óháðs aðila. Hlutfall eigna sjóðsins í ríkistrygðum bréfum getur farið yfir 35% við tilteknar aðstæður og nýtir sjóðurinn þá heimild til þess að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum með ábyrgð íslenska ríkisins í samræmi við ákvæði 37. gr. laga nr. 30/2003. Þegar eign sjóðsins í slíkum bréfum nemur frá 10% til 35% nýtir sjóðurinn sér heimildir 5. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2003, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé til séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignahluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hluteildarskrifteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans. Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerna sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram. Sjóðnum er óheimilt samkvæmt reglum sem unn hann gilda að nýta heimildir laga nr. 30/2003 til þess að stunda viðskipti með afleiður.
Aðferðafræði	Sjóðastýring sjóðsins byggist á markvissri eignaráðstöfun (<i>e. tactical asset allocation</i>) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.
Áhætta tengd fjárfestingu í verðbréfasjóðinum	Þó að áhætta af verðbréfavíðskiptum í formi eignarhluteildar í verðbréfasjóði sé minni en að fjárfesta í einstaka verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum, getur hún engu að síður verið áhættusöm þar sem ávöxtun undirliggjandi eigna verðbréfasjóðsins kann að sveiflast frá einum tíma til annars og þar af leiðandi gengi og markaðsvirði viðkomandi eignarhluteildar í verðbréfasjóði. Eignarhluteild í verðbréfasjóði rýmað, aukist eða staðið í stað, allt eftir gengi og markaðsvirði þeirra fjármálagerna sem sjóðinum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni. Áhætta getur verið fólgin í markaðsáhættu, breytinga á framboði eða eftirspurn á eignum sjóðsins vegna seljanleika- eða lausafjáraháttu, vaxtaáhættu, greiðsluáhættu, uppgjörsáhættu, vörsluáhættu, áhættu tengda smæð hins íslenska markaðar, áhættu er tengist lánshæfismati íslenska ríkisins, ytri aðstæðna og verðbólguáhættu. Fjárfestum er bent á að nánari útskýringar er að finna á einstökum áhættuþáttum í útboðslýsingu sjóðsins.
Ávöxtun	6 ára meðalnafnávöxtun sjóðsins frá árinu 2001 til 2006 hefur verið 8,65% ávöxtun. Þess ber þó að geta að ávöxtun í fortíð gefur ekki vísendingar um ávöxtun í framtíð.
Fjárfestar	Sjóðurinn er ætlaður einstaklingum og lögaðilum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingarkosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með dreifðu eignasafni verðbréfa og annarra fjármálagerna í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfestar sem kjósa takmarkaðar sveiflur í ávöxtun og vilja ávaxta fjárfestingu sína eingöngu í verðbréfum með ríkisábyrgð ættu að kaupa eignarhluteild í sjóðnum.

Fjárhagslegar upplýsingar

<p>Skattlagning</p>	<p>Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Hlutdeildarskírteini sjóðsins mynda stofn til greiðslu eignarskatts sbr. fyrrgreind lög. Íslensk verðbréf, vörslufyrirtæki rekstrarfélags sjóðsins sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar sem eru í óvissu með skattalega meðferð eignarhlutdeildar í sjóðinum eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála.</p>
<p>Kostnaður fjárfesta í tengslum við kaup á eignarhlutdeild í sjóði</p>	<p>Söluþóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2,0%.</p> <p>Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.</p>
<p>Annar kostnaður</p>	<p>Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð kr. 250.- fyrir hver kaup. Kaupendur geta farið fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis og er gjald fyrir útgáfu þess kr. 5.000. Þóknun Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,0%. Ennfremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta. Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.</p>
<p>Heildarkostnaðarhlutfall</p>	<p>Skv. leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2004 ber að birta árlegt heildarkostnaðarhlutfall sjóðs. Heildarkostnaðarhlutfall sjóðsins fyrir árið 2006 er 1,0%.</p>
<p>Veltuhlutfall verðbréfasafns</p>	<p>Veltuhlutfall sjóðsins fyrir árið 2006 er 28,07%.</p>

Viðskiptaupplýsingar

Kaup	Eignarhlutdeild í sjóðnum er einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi sé þess óskað, en annars er gefin út skilríki fyrir eignarhlutdeild. Lágmarksfjárfesting hluta er kr. 10.000 að söliverði en lágmark í áskrift er kr. 5.000. Við kaup á hlutum í verðbréfasjóði er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað (T+1).
Innlausn	Við innlausn á hlutum í verðbréfasjóði er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleystra hluta í verðbréfasjóði. Söluandvirði og gengi ásamt uppgjörstíma (T+1) er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er eiganda.
Arðgreiðslur	Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum félagsins. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Gengi	Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út a.m.k. einu sinni á hverjum opunardegi. Kaup- og sölugengi verður birt daglega á vefsvæði Íslenskra verðbréfa, www.iv.is .
Hvar er hægt að kaupa eignarhluti í sjóðnum?	Hægt er að kaupa og selja eignarhluti í sjóðinum hjá Íslenskum verðbréfum.

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar	Útboðslýsing sjóðsins, ársreikningur og hálfársuppgjör sjóðsins er aðgengilegt hjá Íslenskum verðbréfum hf. og á www.iv.is .
Lögbært yfirvald	Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík.
Tengiliður	Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., gefur framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins.
Útgáfudagur og útgáfunúmer	Útdráttur þessibýggir á útboðslýsingu sem gefin er út og gildir frá 4. júní 2009. Eldri útgáfur útdrátta og útboðslýsingar fyrir sjóðinn falla úr gildi við útgáfu nýrrar útboðslýsingar og útdrátta.